

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálum 2
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. september 2013
Tilvísun: UST20130800120/bs

Tillaga að deiliskipulagi, fiskeldisstöðin í Fellsmúla. Umsögn

Vísað er til bréfs Rangárþings ytra dags. 22. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreina tillögu.


Fram kemur í greinargerð að fiskeldisstöð hafi verið starfrækt að Fellsmúla í 28 ár og ekki hafi verið lagt fram deiliskipulag af lóðinni fyrr en nú.


Lóðin sem um ræðir er 5 ha að stærð. Deiliskipulagstillagan tekur m.a. til afmörkun lóðar og byggingarreit fyrir tvöföldun á iðnaðarhúsi. Einnig grannsvæði fyrir vatnsvernd vegna borhola á lóðinni.

Ekki er talið að frekari framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á landslag. Gróðurfar er graslendi og fuglalíf talið hefðbundið mófuglalíf. Um möguleg áhrif fiskeldisstöðvarinnar á lífríki segir m.a.: *Áhrif reksturs fiskeldisstöðvarinnar á lífríki Minnivallalækjar getur verið töluverð. Í því felst að mjög gruggugt og óhreinsað frárennsli í miklum mæli sem fari yfir þynningarmörk sem tilgreind eru í lögum og reglugerðum renni út í Minnivallalæk með tilheyrandi áhrifum, en til að koma í veg fyrir slíkt er markvissri hreinsitækni beitt t.d. með notkun setþróar. Því er talið að rekstur fiskeldisstöðvarinnar í Fellsmúla í dag hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki Minnivallalækjar.*

Umhverfisstofnun telur að umrætt deiliskipulag muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin vill benda á að skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun kemur fram að sækja þarf um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar fyrir fiskeldi umfram 20 tonna framleiðslu þar sem fráveita er í ferskvatn.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur